Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-11-26 09:20:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FREYR ÆVARSSON
2026-11-26 09:32:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Gallon ehf.
Skútuvogi 1
Reykjavík 105
Ísland

26. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3344

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 6. nóvember 2027, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Gallon ehf., Örfirisey þann 16. október 2026. Þann 25. nóvember 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 24 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Sé efnisþykkt olíugeymis innan við helmingur upphaflegrar efnisþykktar eða undir 3 mm skal gert við tæringu *Minnsta efnisþykkt plötu 16 í geymi B203 mældist 2,6 mm í þykktarmælingu árið 2025.*	**Lokað · Úrbætur · 16. nóvember 2026**
	Myndir til staðfestingar á að viðgerð sé lokið bárust stofnuninni 16. nóvember 2026	
gr. 3.12 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. *Rekstraraðili gat ekki framvísað öryggisblaði fyrir slökkvifroðu í eftirlitinu.*	**Lokað · 19. október 2026**
	Rekstraraðili sendi inn öryggisblað þann 19. október 2026.	

mgr. 5. gr. 8 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. *Geymar í olíubirgðastöðvum skulu merktir í samræmi við ákvæði í viðauka I (í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi)* *Engar merkingar voru sýnilegar á olíugeymunum í stöðinni.*	**Lokað · Úrbætur · 23. október 2026**
	Rekstraraðili sendi staðfestingu þess að geymar hafa verið merktir skv. reglugerð þann 23. október 2026	
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma *Bambar með olíu voru án fullnægjandi árekstrarvarna.*	**Lokað · Úrbætur · 23. október 2026**
	Staðfesting þess efnis að bambar hafa verið fjarlægðir barst stofnuninni þann 23. október 2026.	
mgr. 3., gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.	**Lokað · 15. október 2026**
	Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust stofnuninni 15. október 2026.	
grein 28. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum.	**Lokað · Úrbætur · 25. nóvember 2026**

	Lengra en sex mánuðir eru frá því að olíugeymir B209 var tekinn úr notkun án þess að hann hafi verið rifinn.	
Tillögur rekstraraðila:	Rekstraraðili hefur aftengt allar lagnir að og frá geyminum. Stofnunin fellst á beiðni rekstraraðila að geymirinn standi áfram á núverandi stað, án niðurrifs.	
mgr. 3, gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar *Rekstraraðili hefur ekki skilað, til eftirlitsaðila, upplýsingum um olíuskiljur á svæðinu.*	**Lokað · Úrbætur · 23. október 2026**
	Upplýsingum um skiljur var skilað þann 23. október 2026.	
gr. 15 í reglugerð 884 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 16. október 2026 Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar, *Loki skal vera á olíulögninni á milli lekavarnar og olíuskilju. Sé ekki sjálfvirkur lokunarbúnaður skal lokinn ávallt vera lokaður þegar ekki er verið að tæma lekavörnina.* *Olíuskilja nr. 7 er án sjálfvirks lokunarbúnaðar og lokinn ávallt í opinni stöðu.*	**Opið**
Tillögur rekstraraðila:	Gallon mun í samstarfi við Olíudreifingu yfirfara núverandi fyrirkomulag lokunarbúnaðarins, meta mögulegar tæknilegar lausnir og gera tímasetta úrbótaáætlun. Stofnunin fellst á beiðni rekstraraðila um frest til 15. apríl 2027 til að leggja fram tímasetta úrbótaáætlun.	

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits